um þennan, hvört hugmyndin um verðskuldan og umbun, í þessum skilníngi, ekki gjeti átt sjer stað? Þetta tekur líka líkíngin fram bæði og málshátturinn: Hjálpaðu sjálfum þjer, þá hjálpar Guð þjer einnig. Að maðurinn á að ávaxta þau fengnu pundi (Mk. 25. — Lúk. 19.); þar er tekinn fram þessi þáttur frelsisins, manns sjálfkvæmislega starfsemi, áhrif hennar sig. Hjer sýn-ist þá hugmyndin um umbun, gjeta átt sjer stað, og maður gjetur sagt um í hvaða skiln-íngi, dygðin eigi verðskuldan skilið. En menn mega ekki leggja áherslu á umbunina, því það dæmir: verður til að hinn trúi þjónn í launa skyni, og fái þau — þá er þó í dýpsta skilníngi öll starfsemi hans sprottin frá náðinni, sem hinni sjerstöku uppsprettu — hann hafði þeigið pund-ið í öndverðu, og þess ber og að gjæta, að þessi náð er gjefin einusinni, heldur er hún samverka-ndi allri starfsemi manns. (Jóh. 15.) — „Án mín, megnið þjer ekkert"! — Maðurinn nálgast og gæt-ir settur, en það er náðin, sem gjefur ávöxtinn. Hugmyndina um verðskuldan, gjetur maður valla tekið til greina, í rjetta sjónarmiði eptir henni — hún neitar sjálfri sig, þegar hún er vakin ítarlega því maðurinn hlýtur ætíð að segja: ekki jeg, heldur Guð, er það sem verkar = starfar hið góða í mjer. svo hver sem stærir sig, hann stæri sig í Drottni (1 Kor. 1, 30.). Þessvegna verður það ekki aðal-sjónarmið dygðarinnar, að hún verði talin manni til gjildis; en það sanna sjónarmið, er að dygð-in hefur í sjálfri sjer, óendanlegt gildi, og það er hinn guðlegi kjarni, sem býr sjer í henni, þeir Guðlegu kraptar lífgunarinnar, sem bjerma og koma fram, í lífi hins dygðuga-manns.

## 64. grein.

Eins og að hugmyndin um verðskuldan manns — hverfur inní Guðlega náð — þegar talað er um dygðina, eins verður maður að tala um umbun dygðarinnar. Maðurinn gjetur ekki gjört kröfu til umbunar, eins og dygðir hans eigi að verka. Hinar Gyðingl., og Pelag. skoðan-verða menn því að útiloka. Þessari skoðun neitar Kristur, í eptirlíkíngunni um víngarðs-manninn (eður víngarðsmennina), Mk. 20. —; Verkalaununum þar er útbýtt af Guðs einskjærri náð. Hin fyrri líkíngin, tók fram hina takmörkuðu þýðingu, sem frelsið gat átt í hinni dygðuga starfsemi, hjer þannig máti, tekur þessi líkíng fram, að kraptur frelsisins, hverfi inní, eins og hverfandi lítil stærð, í samanburði við Guðs óendanlega mikla náð. Þessvegna má ekki byggja umbun dygðarinnar á því, að maðurinn telji sjer hana til gjildis, heldur verður til hinnar óendanlega meltis?, sem dygðin hefur í sjer, þannig, að áhrif sjerhvers hlýtur að verða, eptir því óendlega gildi, sem hann hefur í sjer, svo að sjerhvers manns, sjálfkvæmilegt gjildi — verður að ákveða það; í þeim skilníngi, verður talað um verðskuldan dygðarinnar. Þegar talað er um verðskuldan dygðarinnar (eður verðlaun hennar) — í hvaða það sje hátt?, þá verð-ur fyrst að útiloka þeirri skoðun, sem álítur verðlaunin vera fólgin í einhverju fyrir utan dygðina sjálfa; því þá væri dygðin ekki skoðuð, eins og óendanlegt gjæði í sjálfu sjer, heldur væri hún álitin eins og vegur til einhvers annars, sem lægi fyrir utan hana; um-bunin er dygðarinnar eigin afleiðing; Í þessum skilníngi, verða menn að skoða líkíngarn-ar — Lúk. 16; — Mk. 8; og 25. Kap. — Menn verða að segja, að samfjelagið við Guð, er umb-un dygðarinnar. (Gakk inní fögnuð þíns herra!) — Í Gen. segir Drottinn við Abraham: Jeg er þinn skjöldur, og mjög mikil verðlaun! Hin kristilegu verðlaun, sem í mörgu lagi þannig útbreidd, birtir miskun drottins við mennina. Hin kristilega hugmynd. um verðlaun dygðarinnar, er þó einkum og einungis fólgin í hinni Guðlegu blessun, sem dygðinni er samfara, og er afleiðing dygðarinnar — Guð veitir sig sjálfan í gjegnum dygðina, svo hjer á sjer stað, í sannri þýðingu, að þeim sem hefur, mun veitast meira, en þeim sem ekki hefur, frá þeim verður tekið; (Mk. 25, 29.) — Í þessum skilníngi, gjeta menn vegið saman? Spinoza, (hinn fyrri með því nafni), að sælan sje dygðin sjálf, en ekkjert fyrir utan hana. En þessi skoðun, að dygðin sje sín eigin laun, gjetur þó verið misskilningi und-irorpin, nl. ef menn taka það fram, að dygðin sje sjer nú í nútíðinni um meta sitt?; þessi skoðun útilokar alla framtíðar hvöt?, og hefur rjett í sjer; En ef menn einungis taka þetta fram, þá samsvarar þessi skoðun ekki þeirri kristilegu. Kristindómurinn aðgreinir verðlaun dygðarinnar, frá dygðinni sjálfri, í vissum skilníngi. þau eru tilkomandi á himnum (2 Tim. 4, 8.) — (Apok. 2, 10; — Jak. 1, 12; —) þetta er eðlilega grundvallað í hugmyndinni um Guðsríki; það æðsta gæða, er nefnilega ekki [illegible]